

Ný reglugerð - Aukinn leyfilegur heildarafla í sumargotssíld

Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra, Jón Bjarnason, hefur í dag aukið leyfilegan heildarafla í íslenskri sumargotssíld á fiskveiðiárinu 2009/2010 um 5.000 lestir og því hækkar hann í 52.000 lestir. Er þetta gert í því augnamiði að auðvelda makrílveiðar sumarsins 2010, þar sem óhjákvæmilegt er að íslenska sumargotssíldin veiðist sem meðafla við þær veiðar. Komi ekki til þessarar aukningar er fyrirséð að ekki verði unnt að stunda makrílveiðarnar með eðlilegum hætti. Þessi aukning á núverandi fiskveiðiári verður dregin frá þeim leyfilega heildarafla sem verður gefinn út í íslensku sumargotssíldinni á komandi fiskveiðiári. Það skal áréttað að veiðitímabili íslensku sumargotssíldarinnar lauk 30. apríl sl. og þessi aukning nú er því ekki ætluð til beinna veiða á tegundinni, heldur einvörðungu sem úrræði vegna meðafla við aðrar veiðar. Fyrir liggur vilji útgerða að miðla þessum heimildum eftir mætti, þannig að aðrir sem stunda veiðar á markíl en ráða ekki yfir heimildum í síld, geti stundað makrílveiðar með eðlilegum hætti.

Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytinu,
23. júní 2010